

Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 1. desember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestur undir 2. lið frá landshlutasamtökum sveitarfélaga; Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).

Gestir undir 8. lið frá innviðaráðuneytinu; Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra og Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri sveitarfélaga og byggðamála.

Gestur undir 4. lið var frá innviðaráðuneytinu Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

Fundargerðir frá 20. október og 16. nóvember

Fundargerðir frá 20. október og 16. nóvember 2023 voru samþykktar án athugasemda.

2. Framlög til sérstakra verkefna

Beiðni um áframhaldandi framlag vegna vinnu við gerð nýrra sóknaráætla landshluta

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá SSNE, dags. 10. október sl. Í erindinu kemur fram að samningar um sóknaráætlanir landshluta hafi verið undirritaðir í nóvember 2019 og gilda út árið 2024. Fram undan sé því vinna við gerð nýrra samninga milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir að gildi til fimm ára. Landshlutasamtökin þurfi að leggja í umtalsverða vinnu við mótun nýrra sóknaráætla á starfssvæðum sínum. Vinnan felst meðal annars í samráði við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila innan og utan landshlutanna, mati á núverandi stöðu landshlutanna, auk þess sem sérstaklega verði fjallað um þá málaflokka sem áætlanirnar ná yfir, s.s. menningarmál, byggðamál, atvinnu- og nýsköpunarmál og umhverfismál.

Gera má ráð fyrir að fleiri málaflokkar verði undir í nýjum sóknaráætlunum en vinnan leggst ofan á önnur verkefni landshlutasamtakanna og því ljóst að kaupa verður vinnu utanaðkomandi aðila við gerð nýrra sóknaráætlana.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri SSNE fór yfir beiðni um framlög til landshlutasamtakanna vegna nýrra samninga um sóknaráætlanir 2025 til fimm ára. Sóknaráætlanir landshluta eru lögbundnar með lögum nr. 138/2011 um byggðaaáætlun og sóknaráætlanir landshluta og landshlutasamtökum sveitarfélaga falið að vinna sóknaráætlun á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Sótt er um framlag að fjárhæð 45 m.kr. á grundvelli e-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 til viðbótar því framlagi sem Jöfnunarsjóður hefur lagt til landshlutasamtakanna undanfarin ár.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að framangreind umsókn landshlutasamtakanna verði tekin til greina og framlag geti numið allt að 45 m.kr. vegna mótunar nýrra sóknaráætlana. Skilyrði fyrir greiðslu sé að landshlutasamtök skili inn greinargerðum um það starf sem fram hafi farið ásamt yfirliti yfir kostnað.

3. Framlög vegna lækkunar fasteignaskattstekna 2023

Tillaga að uppgjöri 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2023, um tillögu að hækkun framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskattstekjum árið 2023 ásamt áætlun um skiptingu framlaganna.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 8. júní 2023 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2023. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 6.244 m.kr. Með tilvísun til áætlaðrar hækkunar á lögbundnu framlagi frá ríki á fjárukalögum 2023, sem nemur 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, hækkar ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna úr 6.244 m.kr. í 7.104 m.kr. eða um 859,8 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja hækkun framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2023 um 300 m.kr. og að 559,8 m.kr. kom til greiðslu vegna

afgreiðslu framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti vegna dóms Hæstaréttar árið 2019. Áætlaðar eftirstöðvar skuldarinnar nema því 40,2 m.kr. í árslok 2023. Endanlegt uppgjör framlagsins fer fram á næsta ári þegar endanlegar tekjur sjóðsins úr ríkissjóði liggja fyrir.

4. Málshöfðun á hendur íslenska ríkinu

Staða mála

Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála mætti á fund nefndarinnar til að fjalla um málshöfðun Reykjavíkurborgar gegn ríkinu vegna meintrar ólögmatrar útlokunar borgarinnar frá úthlutun grunnskólaframlaga og ÍSAT framlaga á árunum 2015-2019. Björn Ingi fór yfir helstu álitafni málsins, röksemdir Reykjavíkurborgar og skýrði jafnframt frá aðalmeðferð málsins sem fram fór 24.-29. nóvember. Til umfjöllunar var einnig hlutverk ráðgjafarnefndar varðandi úthlutun helstu stærri framlaga sjóðsins og áréttað var að nefndarmenn hefðu ávallt kost á því að óska eftir aðstoð starfsmanna Jöfnunarsjóðs til að yfirfara framlögin og þann laga- og reglugerðargrundvöll sem þau byggja á.

5. Tekjujöfnunarframlag 2023

Endanleg úthlutun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun tekjujöfnunarframlaga ársins 2023. Áætlunin tekur mið af endanlegum forsendum um útsvarsstofn ársins 2022. Þá er einnig búið að taka tillit til hækkunar á framlagi vegna lækkunar fasteignaskattstekna. Heildarfjárhæð framlaganna er 1.400 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun tekjujöfnunarframlaga 2023 að fjárhæð 1.400 m.kr.

6. Sameining sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Voga, dags. 27. nóvember 2023, þar sem fram kemur að á fundi bæjarráðs 22. nóvember sl. hafi verið lögð fram tillaga um að öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum verið boðið til samstarfs um öflun upplýsinga til að kanna grundvöll sameiningarviðræðna. Á framangreindum fundi bæjarráðs var samþykkt að myndaður verði verkefnishópur og fengnir utanaðkomandi ráðgjafar til að vinna gögn sem miða að því að hægt verði að taka ákvörðun um hvort hafnar verði formlega sameiningarviðræður.

Óskað er eftir stuðningi úr Jöfnunarsjóði við verkefnið en að áætlaður kostnaður við verkefnið er áætlaður á bilinu 10-15 m.kr.

Að lokinni umræðu ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindis Sveitarfélagsins Voga og starfsmönnum sjóðsins var falið að óska eftir ítarlegri áætlun um kostnað verkefnisins. Jafnframt að rétt væri eftir að bíða eftir endanlegri afgreiðslu Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar.

7. Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Fram kom að mælt var fyrir frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 14. nóvember sl. og er það nú gengið til umhverfis- og samgöngunefndar. Jafnframt kom fram að starfsmenn ráðuneytisins og sjóðsins hafi kynnt frumvarpið í umhverfis- og samgöngunefnd þann 24. nóvember. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir nýja reiknilíkanið á nefndarfundum. Umsagnir til nefndarinnar eru byrjaðar að berast og er umsagnarfræstur til 7. desember nk.

8. Grindavíkurbær

Gestir fundarins Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra og Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála fóru yfir mögulega aðkomu sjóðsins að stuðningi við Grindavíkurbæ. Aðkoma Jöfnunarsjóðs snýr sérstaklega að tekjustofnum og fjárhagslegri aðkomu. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sé að m.a. að aðstoða sveitarfélög sem lenda í tímabundnum fjárhagsferfiðleikum. Um sé að ræða flókið viðfangsefni vegna stærðar sveitarfélagsins en búast má við því að útsvar sveitarfélagsins lækki og að gefa verði afslátt/fella niður fasteignaskatt íbúa. Fram kom að mikilvægt sé að aðkoma Jöfnunarsjóðs sé í samræmi við lög og reglugerðir sem um sjóðinn gilda.

9. Fasteignasjóður

Greiðsla í sjóðinn á árinu 2023

Frestað til næsta fundar.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKIS

10. Kostnaðarskipting málaflokkur fatlaðs fólks

Umræða

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir stöðu vinnu nefndar um kostnaðarskiptingu í málaflokki fatlaðs fólks og vinnu við samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga í tengslum við þá vinnu. Skýrsluvinnunni er ólokið og vinnu við samkomulagið sömuleiðis.

11. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Umræða um gang gagnasöfnunar

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir vinnu við söfnun gagna um nýliðun, breytingar á mati stuðningsþarfa og brottfall af framlögum vegna endanlegra framlaga 2023. Enn hafa ekki borist upplýsingar frá öllum svæðum þó frestur til skila þeirra hafi runnið út 26. október sl. Mikil einföldun hefur átt sér stað frá því 2018 á þeim gögnum sem skila þarf til sjóðsins og því vonbrigði að ekki gangi hraðar að vinna gögn fyrir sjóðinn. Rætt var um gæðamat á gögnunum en nokkuð hefur verið um að sveitarfélög láti hjá líða að greina sjóðnum frá því þegar notendur fara á hjúkrunarheimili. Einnig var farið yfir gæðayfirferð á notendagrunni vegna notenda sem fá framlög á grundvelli kostnaðar.

12. Viðbótarframlög ársins 2023

Tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 19. október 2023, um almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 2023. Á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 192/2023 er heimilt að veita sérstök viðbótarframlög til þeirra þjónustusvæða þar sem kostnaður við reksturinn er verulega íþyngjandi. Sérstaklega var rætt um grundvöll framlaganna en einnig fjárhæð þeirra. Undanfarin ár hafa annað hvort rekstrarniðurstaða eða stuðningsþarfir verið lagðar til grundvallar en einnig sérstakur kostnaður vegna Covid faraldursins.

Að umræðum loknum ákvað nefndin að úthluta 400 milljónum króna í viðbótarframlög ársins og að þeim skyldi deilt niður eftir rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna.

13. Notendastýrð persónuleg aðstoð 2023 (NPA)

Tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 29. nóvember 2023, um framlög vegna samninga sveitarfélaga við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á grundvelli reglugerðar sjóðsins um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023, ásamt tillögu að úthlutun framlaganna.

Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustuvæði nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings. Félagsmálaráðuneytið sér um söfnun upplýsinga og alla umsýslu.

Fyrir liggja umsóknir sveitarfélaga vegna NPA samninga vegna ársins 2023, bæði vegna endurnýjunar núgildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Sótt er um framlag vegna 97 samninga og nemur fjármagn til þess málaflokks frá ríkinu (Félagsmálaráðuneytinu) 1.082,9 m.kr. Fjármagn vegna NPA verkefnisins hjá Jöfnunarsjóði er 1.097 m.kr. Það vantar því 14.1 m.kr. til að fjármagna framlögin sem lagt er til að verði veitt.

Til samanburðar var veitt framlag árið 2022 vegna 87 samninga að fjárhæð 844 m.kr. Samningum fjölgar um 10 milli ára. Meðalupphæð samninga 2022 var 38 m.kr. samanborið við 45.9 m.kr árið 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillöguna um úthlutun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir árið 2023 að fjárhæð 1.097 m.kr. Nefndin gengur út frá því að ríkið fjármagni að fullu þátttöku ríkissjóðs í verkefninu og að Jöfnunarsjóði verði greitt 14.1 m.kr. vegna framlagsins.

14. Framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn

Tillaga að úthlutun framlaga

Afgreiðslu var frestað til næsta fundar.

15. Fasteignasjóður

Stofnframlög

Akraneskaupstaður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar, dags. 2. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði. Sótt er um á grundvelli d. og e. liðar 2. gr. reglugerðar nr. 280/2021 vegna uppbyggingar á Fjöliðjunni.

Um er að ræða vinnu- og hæfingarstað fyrir fatlað fólk. Starfsemin hefur farið fram á tveimur stöðum; Smiðjuvöllum 9 og 28, sem fól bæði í sér uppbyggingarkostnað og leigugreiðslur. Heildarkostnaður er 50.636.845kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta málinu og starfsmenn Jöfnunarsjóðs skoði betur fyrir næsta fund.

Félagsbústaðir

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Félagsbústaða, dags. 13. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði. Sótt er um á grundvelli c. liðar 2.gr reglugerðar nr. 280/2021 vegna endurbóta á húsnæði við Rangársel 16-18.

Um er að ræða sjö íbúðir fyrir fatlaða og þjónusturými fyrir íbúana. Heildarkostnaður framkvæmdanna nam 11.387.745 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag samkvæmt reglugerð vegna framkvæmdanna.

16. Næsti fundur

19. desember á Teams.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:55.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir